

Nr. 29

5. janúar 2018

AUGLÝSING um (1.) breytingu á gjaldskrá nr. 205/2016 vegna mats á umhverfisáhrifum.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „11.000“ í 2. gr. gjaldskrárinnar kemur: 11.400.

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Skipulagsstofnun innheimtir áfallinn kostnað af framkvæmdaraðilum við umfjöllun um tillögu að matsáætlun þegar ákvörðun stofnunarinnar liggur fyrir skv. 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Eftir að álit um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir samkvæmt 26. gr. reglugerðarinnar skal Skipulagsstofnun innheimta kostnað stofnunarinnar vegna umfjöllunar um frummatsskýrslu, kynningu og auglýsingu, sérfræðiálit, athugun og álit af framkvæmdaaðilum. Upphæð skal taka mið af kostnaði við málsmeðferð Skipulagsstofnunar og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 5. janúar 2018.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2018